

Miðvikudaginn 22. október 1997.

Nr. 309/1997. **Þrotabú Jóns Egils Unndórssonar**

(Ragnar H. Hall hrl.)

gegn

Litlabæ ehf.

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Málskostnaðartrygging.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar með stefnu 23. júlí 1997. Með bréfi stefnda 4. september 1997 var þess krafist, að áfrýjanda yrði gert skylt að leggja fram málskostnaðartryggingu fyrir Hæstarétti. Um fjárhæð málskostnaðartryggingar er vísað til málskostnaðarreikninga í héraði.

Áfrýjandi krefst þess aðallega, að kröfu stefnda verði hafnað, en til vara, að hún verði ekki ákveðin hærri en 200.000 krónur.

Áfrýjanda var gert að setja málskostnaðartryggingu í héraði samkvæmt dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 29. nóvember 1996, í málinu nr. 425/1996.

Stefndi kveður áfrýjanda eignalaust þrotabú, og sé því skilyrðum b-liðar 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála þar með fullnægt.

Stefndi kveður í máli þessu vera deilt um riftunarkröfu, sem áfrýjandi hafi gert á hendur stefnda. Stefndi sé einkahlutafélag, og í skilningi gjaldþrotaskiptalaga nr. 21/1991 sé það aðili nákominn þrotamanni. Ráðstöfun sú, sem riftunarkrafan snúist um, hafi falist í afhendingu allra eigna þrotamannsins til stefnda, sem sé algerlega í eigu fjölskyldufólks hans. Telur áfrýjandi því ekki vera sömu rök til að setja tryggingu fyrir málskostnaði í þessu máli, eins og vera myndi, ef kröfum sínum væri beint að aðila ótengdum þrotamanni. Eins og hér standi á, sé krafan um málskostnaðartryggingu því beinlínis sett fram til að reyna að meina þrotabúinu að fá héraðsdóm í málinu endurskoðaðan, og telji stefndi sig þá, að því er virðist, eiga að njóta þess sérstaklega að hafa komið málum svo fyrir, að engar

eignir séu í búinu til að standa undir kostnaðinum. Áfrýjandi telur, að þegar svo hátti til, sé það beinlínis andstætt tilgangi laga nr. 21/1991 að leggja á hann að setja málskostnaðartryggingu.

Áfrýjandi kveðst vera eignalaust þrotabúi, og af sinni hálfu muni engin ný gögn verða lögð fram í málinu fyrir Hæstarétti. Stefndi muni því ekki hafa annan kostnað af meðferð málsins þar en þóknun lögmanns hans. Verði krafa stefnda tekin til greina, sé þess krafist af hálfu áfrýjanda, að tryggingarfjárhæðin verði ekki ákveðin hærri en gert hafi verið í héraði samkvæmt áður nefndum dómi.

Áfrýjandi hefur ekki mótmælt staðhæfingu stefnda um, að hann sé ógjaldfær, og í greinargerð sinni lýsir áfrýjandi sjálfur yfir því, að hann sé eignalaust þrotabúi. Áfrýjandi hefur ekki lagt fram fundargerð, þar sem kröfuhafar lýsa yfir, að þeir taki á sig ábyrgð á mál-sókninni. Fullnægt er því skilyrðum b-liðar 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991. Ber því að taka til greina kröfu stefnda um, að áfrýjanda verði gert að leggja fram tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Fjárhæð tryggingarinnar þykir hæfilega ákveðin 200.000 krónur. Skal hún sett með peningum eða bankaábyrgð og hæstaréttarritara afhent skilríki fyrir tryggingunni innan tveggja vikna frá uppkvaðningu úrskurðar þessa.

Á l y k t a r o r ð:

Áfrýjanda, þrotabúi Jóns Egils Unndórssonar, er skylt að setja málskostnaðartryggingu, að fjárhæð 200.000 krónur. Ber að setja trygginguna með peningum eða bankaábyrgð innan tveggja vikna frá uppkvaðningu úrskurðar þessa.
